Málnefnd um íslenskt táknmál

Sigríður Dóra Magnúsdóttir, forstjóri
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis

13.10. 2025

Málnefnd um íslenskt táknmál óskar eftir liðsinni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til þess að vinna að því að virkja meginstoðir málstefnu um íslenskt táknmál (https://www.althingi.is/altext/154/s/1298.html). Þrjár af sex meginstoðum í málstefnu um íslenskt táknmál snúast um máltöku táknmálsbarna, jákvætt viðhorf til íslensks táknmáls og að auka notkunarsvið málsins í samfélaginu.

Máltaka barna er einn stærsti þáttur í farsæld þeirra og heilsugæslan getur á margan hátt lagt sitt af mörkum til þess að skapa jákvætt viðhorf til málsins og að auka notkunarsvið þess með því til dæmis að hafa það sýnilegt á heilsugæslustöðvum með viðeigandi og skilvirkri upplýsingatækni. Þá er heilsugæslan viðkomustaður margra sem lifa við skerta heyrn en vita ekki af möguleikum sínum eða réttindum til þess að læra íslenskt táknmál. Með áberandi upplýsingum hjá heilsugæslunni mætti því koma til móts við marga.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (nr. 61/2011) segir að íslenskt táknmál sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta, allir sem þörf hafa fyrir táknmál skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál og sama rétt eiga nánustu aðstandendur. Í lögunum er einnig fjallað um lögbundnar skyldur stjórnvalda, jafnt ríkis og sveitarfélaga, að því er varðar íslenskt táknmál en stjórnvöld skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli.

Við í málnefndinni viljum óska eftir fundi með heilsugæslunni til þess að ræða hvernig við getum stutt heilsugæsluna til þess að vinna að því að auka notkun og sýnileika íslensks táknmáls og hafa áhrif á viðhorf til þess á jákvæðan hátt.

Virðingarfyllst

Valgerður Stefánsdóttir
formaður